

GRÆNABORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Október 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Inngangur	3
Leikskólinn Grænaborg	3
Greining	4
Viðmiðaramminn	6

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Grænuborg sem fram fór í september 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og í öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í september 2015 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 21. - 25. september. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN GRÆNABORG

Leikskólinn Grænaborg tók til starfa árið 1931 og er staðsettur á Eiríksgötu 2, 101 Reykjavík.

Í leikskólanum eru fjórar deildir og 83 börn voru í leikskólanum í september 2015. Yngstu börnin eru á Dropadeild, næst yngstu börnin eru á Mánadeild, eldri börnin eru á Stjörnudeild og elstu börnin eru á Sólskinsdeild.

Leikskólastjóri er Gerður Sif Hauksdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Hólmfríður Júlíana Pétursdóttir.

Styrkleikar:

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð í leikskólastarfinu. Leikskólinn starfar eftir fjölgreindarkenningu Gardners. Stjórnendur eru sýnilegir og leggja rækt við samskipti við starfsfólk, foreldra og börn. Starfsfólk finnur að framlag þess er metið, er stolt af starfi sínu og telur hæfni sína og þekkingu vel nýtt. Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf. Sett er upp áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi, formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru ritaðar og aðgengilegar.

Gott samstarf er við sérfræðinga/sérfræðipjónustu utan leikskólans og nýta sérkennarar og sérkennslustjóri sér stuðning frá þjónustumiðstöð. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir öll börn með sérþarfir, þær eru endurskoðaðar reglulega og foreldrar koma að gerð einstaklingsnámskrár.

Börnunum finnst gaman í leikskólanum og eru ánægð með mörg viðfangsefni eins og salinn, útiveruna, ferilmöppuna og tölvu. Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum.

Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum leikskólans og eru fulltrúar foreldraráðs valdir lýðræðislega af sínum hópi. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er virkur samstarfsaðili hans. Viðmót starfsfólks til foreldra er gott og leitast er við að koma til móts við óskir foreldra. Ábendingum frá foreldrum er vel tekið og foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns.

Leikskólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati, foreldrakannanir og starfsmannakannanir í innra mat. Greinargerð um innra mat og umbótaáætlun er birt á heimasíðu Grænuborgar.

Tækifæri til umbóta:

Stjórnendur geri skriflegan samning um verkaskiptingu og geri hann sýnilegan. Í skólanámskrá verði gerð grein fyrir stefnu og áherslum leikskólans og tengt við aðalnámskrá 2011. Skólanámskrá verði innleidd og gerð sýnileg í daglegu starfi. Stefnan verði kynnt fyrir nýjum foreldum.

Stjórnendur afli upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu nýs starfsfólks og stjórnendateymi fari eftir *verklausreglum um móttöku nýrra starfsmanna*. Unnið verði markvisst að því að efla starfsandann og starfsfólk vinni sameiginlega að samstarfssáttmála. Stjórnendur sjái til þess að jafnræðis og jafnréttis sé gætt á meðal starfsfólks.

Endurmeta rými deilda og leikefni með tilliti til þess að það sé aðgengilegt og áhugahvetjandi fyrir börnin. Sjá til þess að skipulögð viðfangsefni og leikur taki mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Starfsfólk grípi tækifæri sem gefast til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra. Sjá til þess að börnin fái verkefni sem hvetja til rannsókna og ígrundunar þannig að sköpunarkraftur þeirra og ímyndunarafl fái notið sín.

Setja fram áætlun um mat á námi og velferð barna þar sem reglulegar skáningar eru gerðar á framförum þeirra. Börn fái tækifæri til að meta nám sitt, komi með tillögur að leiðum í eigin námi og setji sér markmið. Auka markvisst skráningar á námi barna með áherslu á styrkleika, áhuga og getu þeirra. Sjá til þess að starfsfólk fái leiðbeiningar og stuðning við gagnaöflun og skráningu.

Foreldraráð setji sér vinnureglur og geri starfsáætlun sem verði birt á heimasíðu leikskólans. Fundargerðir foreldraráðs verði gerðar aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Móta áætlun um framkvæmd innra mats og auka fjölbreytni í öflun gagna. Skilgreina viðmið og leiðir að markmiðum í skólanámskrá með aðkomu starfsfólks, barna og foreldra. Tímasetja umbótaáætlun, tilgreina ábyrgðaraðila, hvenær og hvernig eigi að meta árangur aðgerða og tryggja að umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verlag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verlag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verlag.